

# ÚTSKRIFT ÚR FUNDAGERÐABÓK SVEITARSTJÓRNAR HÚNAÞINGS VESTRA

Árið 2009 fimmtudaginn 16. apríl kom sveitarstjórn Húnaþings vestra saman til 156. fundar í Ráðhúsi Húnaþings vestra kl. 10:00. Mætt undirrituð. Oddviti setti fund.

Gengið var til dagskrár:

1. Ársreikningur sveitarsjóðs Húnaþings vestra og fyrirtækja 2008. Fyrri umræða. Mætt voru á fundinn Kristján Jónasson löggiltur endurskoðandi og Guðrún Ragnarsdóttir skrifstofustjóri. Kristján lagði fram og skýrði ársreikninginn. Að því loknu svaraði hann fyrirspurnum ásamt skrifstofustjóra. Að loknum umræðum lagði oddviti fram tillögu um að ársreikningnum verði vísað til síðari umræðu. Samþykkt með 7 atkvæðum.
2. Fundargerði byggðarráðs. Formaður kynnti.
  - a) Fundargerð 590. fundar 16. mars. Fundargerð í 6 liðum. Fundargerðin samþykkt með 7 atkvæðum.
  - b) Fundargerð 591. fundar 23. mars. Fundargerð í 6 liðum. Fundargerðin samþykkt með 7 atkvæðum.
  - c) Fundargerð 592. fundar 30. mars. Fundargerð í 8 liðum. Fundargerðin samþykkt með 7 atkvæðum.
  - d) Fundargerð 593. fundar 6. apríl. Fundargerð í 12 liðum. Lögð var fram svohljóðandi tillaga vegna 2. liðar: „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að skipa eftirtalin í nefnd sem ætlað er að fjalla um samræmingu og framkvæmd sorphirðugjalds í dreifbýli.“ Fram kom breytingartillaga frá Oddi Sigurðarsyni við framkomna tillögu frá byggðarráði: „Í stað orðsins „dreifbýli“ komi Húnaþing vestra.“ Greinargerð: Þrátt fyrir ítrekaðar óskir hefur mér ekki borist vinnuregla/vinnureglur sem notaðar eru í Húnaþingi vestra fyrir framkvæmd og álagningar sorpeyðingar- og sorphirðugjalds í Húnaþingi vestra og hlýt ég þá að telja að þær séu ekki til.“ Breytingartillagan borin undir atkvæði og felld með 4 atkvæðum gegn 1. Aðaltillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 6 atkvæðum. Lögð var fram tillaga um skipun í nefnd samkvæmt samþykktri tillögu. Elín R. Líndal, Guðný Helga Björnsdóttir, Stefán Böðvarsson og Oddur Sigurðarson. Borinn undir atkvæði 2. liður fundargerðarinnar ásamt framangreindri tillögu um nefndarskipun og samþykkt með 7 atkvæðum. Lögð var fram svohljóðandi bókun vegna 6. liðar: „Sveitarstjórn Húnaþings vestra lýsir yfir mikilli ánægju með opnun rannsóknardeildar Selaseturs Íslands að Brekkugötu 2 á Hvammstanga og fagnar samstarfi Selaseturs, veiðimálastofnunar og Háskólans á Hólum.“ Borinn undir atkvæði 6 liður fundargerðarinnar ásamt framangreindri bókun og samþykkt með 7 atkvæðum. Aðrir liðir fundargerðarinnar samþykktir með 6 atkvæðum.
  - e) Fundargerð 594. fundar 14. apríl. Fundargerð í 6 liðum. Fundargerðin samþykkt með 7 atkvæðum.

3. Fundargerð 90. fundar landbúnaðarráðs 18. mars. Fundargerð í 2 liðum. Oddviti kynnti. Fundargerðin samþykkt með 7 atkvæðum.
4. Fundargerð 84. fundar menningar- og tólmstundaráðs 25. mars. Fundargerð í 2 liðum. Oddviti kynnti. Fundargerðin samþykkt með 7 atkvæðum.
5. Fundargerð 159. fundar skipulags- og umhverfisráðs 2. apríl. Fundargerð í 4 liðum. Oddviti kynnti. Lögð var fram svohljóðandi tillaga vegna 2. liðar c: „Sveitarstjórn Húnaþings vestra leiðréttir hér með dagsetningu í bókun skipulags- og umhverfisráðs í 2c dagskrárlíð 159. fundar ráðsins þar sem ranglega er bókuð dagsetning lagfærðs uppdráttar deiliskipulags iðnaðarlóðar í landi Bessastaða á Heggstaðanesi en dagsetning sem færð var til bókar er 28. mars 2009 en skal vera 26. mars 2009.“ Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir framlagðan uppdrátt af deiliskipulagi iðnaðarlóðar í landi Bessastaða á Heggstaðanesi dags. 26. mars 2009. Borinn undir atkvæði 2c liður fundargerðarinnar ásamt framangreindri tillögu og samþykkt með 6 atkvæðum. Guðný Helga Björnsdóttir vék af fundi við afgreiðslu þessa liðar vegna vanhæfis. Elín R. Línadal vék af fundi að lokinni afgreiðslu þessa liðar kl. 12:30. Lögð var fram svohljóðandi tillaga vegna 2a liðar: „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að gera umsögn skipulags- og umhverfisráðs vegna erindis Ágústs Oddssonar um fyrirhugaðar aðgerðir á Hvammstangabraut/Norðurbraut að sinni.“ Borinn undir atkvæði 2a liður fundargerðarinnar ásamt framangreindri tillögu og samþykkt með 5 atkvæðum. Lögð var fram svohljóðandi tillaga vegna 2b liðar: „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að auglýsa framlagða tillögu um breytingu á aðalskipulagi Húnaþings vestra 2002-2014, breytingu á þéttbýlisuppdrætti, Höfðabraut, Eyrarland og Búland á Hvammstanga.“ Borinn undir atkvæði 2b liður fundargerðarinnar ásamt framangreindri tillögu og samþykkt með 5 atkvæðum gegn 1. Aðrir liðir fundargerðarinnar samþykktir með 6 atkvæðum.

Fleira ekki fyrir tekið, fundi slitið kl. 13:40.

Ólafur B. Óskarsson fundarritari(sign.),  
Rakel Runólfsdóttir(sign.),  
Oddur Sigurðarson(sign.),  
Skúli Þórðarson(sign.).

Guðný Helga Björnsdóttir(sign.),  
Þ. Karl Eggertsson(sign.),  
Stefán Böðvarsson(sign.),  
Heimir Ágústsson(sign.).